

Bókun

Í samræmi við grein 5.4.4 í kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 6. júní 2011 gera Landgræðsla ríkisins og Félag íslenskra náttúrufræðinga með sér svofellda bókun við stofnanasamning aðila, frá 28. mars 2006 með síðari breytingum.

Allar starfsstöðvar Landgræðslu ríkisins eru staðsettar í þéttbýli nema höfuðstöðvar Landgræðslunnar í Gunnarsholti, sem eru um 9 km (loftlína) frá ytri mörkum Helluþorps. Starfsmenn með starfsstöð í Gunnarsholti geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur til að ferðast til og frá vinnu. Landgræðslan greiðir viðkomandi starfsmönnum ferðastyrk vegna ferða til og frá vinnustað sem miðast við eftirfarandi:

1. Greiðsla miðast við vegalengd frá heimili/mörkum þéttbýlis að Gunnarsholti, til og frá vinnu, og almennt gjald skv. ökutaxta ríkisins sem er nú 111 kr./km. Greiðslan tekur breytingum skv. ökutaxtanum.
2. Hver starfsmaður fær greitt fyrir helming af kílómetrum skv. ofangreindu, þó að hámarki 120 km. (2x60) á dag. Mælst er til að starfsmenn samnýti ferðir.
3. Starfsmenn sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu eða utan 60 km. fjarlægðar frá Gunnarsholti fá greitt skv. lið 1 og 2 fyrir eina ferð á viku, þó að hámarki 240 km (2x120 km) enda eiga þeir kost á gístaðstöðu í Gunnarsholti.
4. Starfsmaður fær þá kílómetra að fullu greidda sem eru á milli heimilis/marka þéttbýlis og ásættanlegs mótsstaðar við þann starfsmann sem næstur honum býr og hefur sama vinnutíma. Sjá viðauka.
5. Greiðslur skv. ofangreindu eru fastar mánaðargreiðslur. Ekki er greitt fyrir akstur í orlofi og verða greiðslur því eftirfarandi: 75% í maí, júní, júlí og ágúst en 100% aðra mánuði ársins.
6. Ef starfsmaður getur ekki vegna vinnutíma eða búsetu haft samflot með öðrum með akstur til og frá vinnu fær hann greitt að fullu þá kílómetra skv. lið 1. Sama gildir ef starfsmaður þarf að aka einn vegna langvarandi veikinda ferðafélaga, í 10 daga eða lengur. Fær hann þá greitt að fullu frá 10. degi enda falla þá niður greiðslur til hins veika starfsmanns á sama tíma.
7. Ef starfsmaður þarf óvænt að hverfa frá vinnu fyrir lok vinnudags vegna óviðráðanlegra orsaka sér Landgræðslan honum eða ferðafélaga hans fyrir heimferð eftir því sem við á.

GA


SB




8. Ofangreind ákvæði gilda einnig um starfsmenn Landgræðslunnar á öðrum starfsstöðvum sem eru fjarri leiðum almenningsvagna, nema stofnunin sjái þeim fyrir fari með bifreiðum stofnunarinnar eða á annan hátt.
9. Komi til þess að stofnunin semji við starfsmenn annarra stéttarféлага með afgerandi öðrum hætti skal taka bókun þessa til endurskoðunar. Bókun þessi er til bráðabirgða, fullnaðarsamkomulag verður gert í nýjum stofnanasamningi og að honum gerðum fellur bókun þessi úr gildi.

Bókun þessi gildir frá og með 1. apríl 2012.

Gunnarsholti, 3. apríl 2012

F.h. Landgræðslu ríkisins




Sveinn Runólfsson

Jóna María Einarsdóttir




Guðmundur Guðmundsson


F.h. FÍN




Páll Halldórsson



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir



Gústav M. Ásbjörnsson




Sígurjón Einarsson

Viðræðuáætlun vegna stofnanasamnings Lr og Fín

3. apríl 2012.

1. Miða skal við að gerð nýs stofnanasamnings verði lokið fyrir maílok 2012.
2. Miða skal við að funda hálfsmánaðarlega.
3. Í nýjum stofnanasamningi verði m.a. endurskoðuð grunnröðun í launaflokka, launaflokkar vegna starfsreynslu og starfstengdra og einstaklingsbundinna þátta og akstursfyrirkomulag.



Undirritað f.h. Landgræðslu ríkisins.



Undirritað f.h. Fín.